

Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2013

**Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um brotnám líffæra, nr. 16/1991 (ætlað samþykki), 34. mál, lagt fyrir 143. löggjafarþing, 2013-2014.**

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis hinn 7. nóv. sl., þar sem að laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp (hér eftir vísað til sem „**frumvarpsins**“). Í tilefni af tölvuskeytinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Nefndin telur rétt að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu, til að texti frumvarpsins verði skýrari:

- a. við 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði bætt orðunum „til að nota við lækni meðferð annars einstaklings“. Jafnframt verði þau orð felld úr 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, til að forðast tvítekingu; og
- b. í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði notað hugtakið „nánasti vandamaður“, í stað hugtaksins „nánasti aðstandandi“, enda er fyrrnefnda hugtakið skilgreint í 3. mgr. 2. gr. laganna.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður